

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 98/101/EB**

**frá 22. desember 1998**

**um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 91/157/EBE um rafhlöður og rafgeyma sem innihalda tiltekin hættuleg efni(\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

*1. gr.*

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/157/EBE frá 18. mars 1991 um rafhlöður og rafgeyma sem innihalda tiltekin hættuleg efni <sup>(1)</sup>, einkum 10. gr.,

Tilskipun 91/157/EBE er breytt sem hér segir:

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1. Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 3. gr. :

Samkvæmt lögnum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 69. og 112. gr., er fyrirséð að innan fjögurra ára eftir inngöngu ríkjanna beri að endurskoða ákvæðin um rafhlöður sem innihalda kvikasilfur, sem um getur í 3. gr. tilskipunar 91/157/EBE, í samræmi við aðferðir EB.

„1. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 1. janúar 2000, banna markaðssetningu á rafhlöðum og rafgeymum, sem innihalda meira en 0,0005% kvikasilfurs miðað við þyngd, þar með talin tæki sem innihalda slíkar rafhlöður og rafgeyma. Hnapparafhlöður og rafhlöður, sem settar eru saman úr hnapparafhlöðum með minna kvikasilfursmagn en 2% miðað við þyngd, eru undanþegnar þessu banni.“

Til að unnt sé að hefja umhverfisvernd á hátt stig ber að banna markaðssetningu tiltekinna rafhlaðna vegna þess kvikasilfursmagns sem þær innihalda. Til þess að slíkt bann nái tilgangi sínum að fullu fyrir umhverfið verður það einnig að taka til búnaðar sem inniheldur slíkar rafhlöður og rafgeyma. Slíkt bann getur haft jákvæð áhrif í þá átt að auðvelda endurheimt rafhlaðna.

2. Í stað I. viðauka komi viðaukinn við þessa tilskipun.

Hafa ber hliðsjón af tækniþróun rafhlaðna sem innihalda enga þungmálma.

*2. gr.*

Aðlaga ber tilskipun 91/157/EBE samkvæmt því.

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta, eigi síðar en 1. janúar 2000, þau ákvæði sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem var stofnuð samkvæmt 18. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang <sup>(2)</sup>, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/350/EB <sup>(3)</sup>.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 1, 5.1.1999, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/1999 frá 26. nóvember 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

*3. gr.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 78, 26. 3. 1991, bls. 38.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 194, 25. 7. 1975, bls. 47.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 135, 6. 6. 1996, bls. 32.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. desember 1998.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ritt BJERREGAARD

*framkvæmdastjóri.*

—  
*VIÐAUKI*

*„I. VIÐAUKI*

Þessi tilskipun tekur til eftirfarandi rafhlaðna og rafgeyma:

1. Rafhlaðna og rafgeyma sem sett eru á markað frá og með 1. janúar 1999 og innihalda meira en 0,0005% kvikasilfurs miðað við þyngd.
  2. Rafhlaðna og rafgeyma sem sett eru á markað frá og með 18. september 1992 og innihalda:
    - meira en 25 mg kvikasilfurs á rafhlöðueiningu, að alkalímanganrafhlöðum undanskildum,
    - meira en 0,025% kadmíums miðað við þyngd,
    - meira en 0,4% blýs miðað við þyngd.
  3. Alkalímanganrafhlöður sem innihalda meira en 0,025% kvikasilfurs miðað við þyngd og eru settar á markað frá og með 18. september 1992.“
- \_\_\_\_\_